


83 Hveravellir

Aðalhverasvæðið á Hveravöllum er í jaðri Kjalhrauns, þannig að syðstu gufur eru inni á hrauninu en aðalhverirnir utan hrauns. Þeir eru allfjölbreyttir að gerð, gufuhverir, leirhverir, suðuhverir, vatnshverir, laugar og volgrur. Goshverir gjósa óreglulegum smágosum. Útfellingar eru áberandi, hverahrúður og kísilbungur. Hverasvæðið er sérlega fjölbreytilegt og fallegt. Svæðið sem hér er kennt við Hveravelli nær allt frá hraunjaðrinum (hrauninu) og norður á Breiðamel. Óhætt er að segja að jarðhitasvæðið á Hveravöllum sé eitt fjölbreyttasta og um leið fallegasta hverasvæði landsins.

Samkvæmt mælingum er uppstreymi jarðhitavatns á Hveravöllum um 2,5 km langa sprungu með stefnu nálægt N28°V. Mesta uppstreymið er undir aðalhverasvæðinu á Hveravöllum. Lágt viðnám í yfirborði er við Einbúa og bendir greinilega til uppstreymis þar. Þetta lágviðnám breiðir úr sér með dýpi og tengist jarðhitastöðum sem kenndir eru við Þegjandavolgrur. Engin merki eru um háviðnámskjarna í efstu 800–1000 metrum, eða eins djúpt og mælingarnar skynja með góðu móti. Það bendir til þess að hitinn í kerfinu sé lægri en 240°C ofan 1 km dýpis. Hveravellir líkjast Geysissvæði, bæði að ytri ásýnd og niðurstöðum viðnámsmælinga. Í báðum tilfellum er um að ræða „ekki heit“ háhitakerfi með líklegt hitastig undir 240°C á 1 km dýpi.



Afl 70 MWe, orkugeta 560 GWh/ár.

FH III/FH IV: Gæði gagna C. FH III: Áhrif 32. FH IV: Kostnaðarflokkur 3.

Umsögn faghóps I

Faghópur I mat ekki þessa hugmynd

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna B/B

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útivistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Hveravellir	9,58	2

<i>Staðar- númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
83	Hveravellir			5,3	20

Könnun verkefnisstjórnar: N0, B1, V9.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Flokkun í þingsályktunartillögu: Biðflokkur

Rökstuðningur: Virkjunarkostur sem ekki var metinn af öllum faghópum (sjá töflu 7.1 í fylgiskjali 1). Vantar frekari upplýsingar.